

## Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 44. og 45. Alþjóðavinnuálagingsins í Genf 1960 og 1961.

Eins og tíðkamt hefur um nokkurt skeið voru bæði þessi þing haldin í Genf. Hið fyrra 1.—23. júní 1960, en hið síðara 7.—29. júní 1961. Þingið 1960 sóttu um 800 manns frá 73 aðildarríkjum og 18 ósjálfstæðum löndum þ. á m. 25 ráðherrar, sem fara með félags- og vinnumál, svo og fulltrúar ýmissa annarra alþjóðlegra stofnana. Þingið 1961 sóttu yfir 1000 manns frá 94 aðildarríkjum og 4 ósjálfstæðum löndum þ. á m. 43 ráðherrar. Í þingbyrjun 1961 var tala aðildarríkjanna 97 en þrjú bættust í hópinn meðan þingið stóð svo að tala þeirra komst þá upp í 100. Ísland átti ekki fulltrúa á þessum þingum.

Á dagskrá Alþjóðavinnuálagingsins eru jafnan þrjú fastir dagskrárliðir, en þeir eru:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Fjárhagsmálefni.
3. Skýrslur um framkvæmd samþykktar og tillagna þingsins.  
Auk þess voru á dagskrá þessara þinga eftirtalin mál:
4. Vernd verkamanna fyrir geislun (síðari umræða 1960).
5. Samvinna opinberra stjórnvalda við samtök atvinnurekenda og verkamanna (síðari umræða 1960).
6. Framlag Alþjóðavinnuálagingsins til hækkunar launa og bættra lífskjara í landbúnaðarlöndum, með sérstöku tilliti til landa, sem eru í framþróun (almenn umræða 1960).
7. Stytting vinnutíma (1960 og 1961).
8. Verkamannabústaðir (1960 og 1961).
9. Vandamál og stefna í vinnumálum (almenn umræða 1961).
10. Starfsþjálfun (1961).
11. Jafnrétti erlendra manna og innlendra til almannatrygginga (1961).
12. Tillaga til samþykktar um breytingu á samþykktum gerðum á fyrstu þrjátíu og tveim Alþjóðavinnuálagingsinum (1961).
13. Þáttur Alþjóðavinnuálagingsins í efnahagslegum og félagslegum framförum í löndum, sem eru í framþróun.

Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir dagskrármálum þessum hverju fyrir sig, en samþykktir og tillögur, sem gerðar voru á þessum þingum eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Enn fremur fylgir hér með skrá yfir allar samþykktir Alþjóðavinnuálagingsins og sér í lagi þær, sem Ísland hefur fullgilt.

### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Um nokkurt skeið hefur sá háttur verið á hafður að skýrsla framkvæmdastjórans skiptist í tvo hluta. Fjallar annar um rekstur og starfsemi stofnunarinnar, en

hinn um eitthvert þeirra mála, sem efst eru á baugi hverju sinni á þeim sviðum, sem Alþjóðavinnumálastofnunin lætur sig mestu skipta.

Í skýrslu sinni 1960 valdi framkvæmdastjórinn sér viðfangsefnið: æskan og vinnan.

Ræðir hann í skýrslunni um hina miklu fjölgun æskulýðsins hjá flestum þjóðum. Gerir hann grein fyrir ákvæðum um vernd vinnandi barna og unglinga, aðstöðu þeirra til starfsvals, leiðbeiningar um stöðuval og starfsþjálfun. Þá ræðir hann og um þörf unglinganna fyrir tómstundaiðju og nauðsyn þess að þeir geti haft ánægju af starfi sínu. Enn fremur ræðir hann um afbrotahneigð unglinga, hversu þjóðfélagið og hin ýmsu félagssamtök geti veitt unglingunum æskilega útrás fyrir athafnaþörf þeirra og með því unnið gegn glæpahneigð og annarri óæskilegri þróun.

Um 180 ræðumenn tóku til máls um skýrsluna, en ekki er unnt að rekja þær umræður hér.

Ársskýrslan, sem framkvæmdastjórinn lagði fyrir þingið 1961, fjallar um samband atvinnurekenda og verkamanna innbyrðis á vinnustöðum.

Í skýrslunni ræðir fyrst um hina efnahagslegu skipulagningu, sem myndi umgjörðina um þetta samband þ. á m. þá þróun að atvinnufyrirtæki stækka og sífelld aukin áhrif hins opinbera bæði sem vinnuveitanda og vegna þess hve samvinna milli ríkis og atvinnulífsins verður veigameiri þáttur í stefnu ríkisins í efnahagsmálum.

Því næst er rætt um þróunina í samvinnu atvinnurekenda og verkamanna á vinnustöðum í iðnaði og landbúnaði.

Þá er og rætt um ýmis form á skipulagningu til nýtingar vinnuafllsins til eflingar efnahagslífinu svo sem samyrkjubúskap o. fl.

Enn fremur er í skýrslunni rætt um hverja þýðingu tæknilegar framfarir hafa fyrir samvirnu á vinnustöðum m. a. vandamál, sem upp koma vegna hinnar miklu fjölgunar tæknifræðinga og annarra, sem ekki vinna líkamlega vinnu.

Að síðustu er svo rætt um ýmislegt nýtt, sem upp hefur komið í samvinnu atvinnurekenda og verkamanna svo sem þau vandamál, sem stéttarfélögin verða að fást við. Gerð er grein fyrir þeirri þróun, sem orðið hefur með tilliti til vinnudeilna og sáttaumleitana í þeim. Leggur framkvæmdastjórinn áherzlu á nauðsyn áframhaldandi rannsókna til aukinnar þekkingar á þeim atriðum, sem áhrif hafa á ástandið á vinnustöðum.

Um nokkurt skeið hefur ársskýrsla framkvæmdastjórans verið þýdd á dönsku, norsku og sænsku til skiptis. Hefur Ísland jafnan fengið nokkurt upplag af þessari þýðingu og hefur öllum alþingismönnum m. a. verið sent eintak af henni.

## 2. Fjárhagsmálefni.

Á þinginu 1960 var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 1961 og eru útgjöld stofnunarinnar þar áætluð um 10 milljónir dollara.

Fjárhagsáætlunin fyrir árið 1962, sem gerð var á þinginu 1961 gerir ráð fyrir að útgjöldin fari upp í um 11 milljónir dollara, eða hækki um 15% frá árinu 1961. Hækkunir þessar eru vegna aukinnar starfsemi stofnunarinnar og hækkunar á launatöxtum starfslíðsins í Genf.

Árgjald Íslands til stofnunarinnar nam 11 755.00 dollurum fyrir árið 1961 og 13 304.00 dollurum fyrir árið 1962.

### 3. Skýrslur um framkvæmd samþykktar og tillagna.

Á hverju þingi Alþjóðavinnu- og atvinnuáráðs er kosin sérstök nefnd til þess að rannsaka skýrslur aðildarríkjanna um það, hvað sé gert til þess að koma í framkvæmd ákvæðum samþykktar og tillagna þingsins.

Á þinginu 1960 var tala fullgildinga samþykktar komin upp í 2000 en á þinginu 1961 var hún komin í 2300. Sýnir þetta hraða aukningu fullgildinga hin síðari ár.

Frá atvinnurekendum kom fram fyrirspurn um það, hvort ríkisstjórnnum væri skylt að breyta lögum og reglum í samræmi við ákvæði samþykktar áður en fullgilding fer fram, eða hvort nægilegt sé að það gerist síðar. Yfirleitt voru menn sammála um að slíkar breytingar skyldu um garð gengnar í síðasta lagi þegar samþykktin gengur í gildi hjá hlutaðeigandi ríki, en það er venjulega einu ári eftir fullgildingu.

Þess skal getið að á Norðurlöndum hefur þeirri reglu verið fylgt að fullgilda ekki samþykkt fyrr en ákvæðum hennar hefur verið fullnægt. Þá hafa Norðurlöndin skipað nefnd til þess að rannsaka möguleika á fullgildingu samþykktar, sem ekki hafa ennþá verið fullgiltar á Norðurlöndum. Ísland hefur ekki ennþá tilnefnt fulltrúa í þessa nefnd, en jafnan sent henni umbeðnar upplýsingar.

Þingnefndin vakti í skýrslu sinni athygli á því að í nokkrum tilfellum væri mikill misbrestur á því að ríki fullnægðu skuldbindingum sínum, bæði hvað viðvíkur framkvæmd fullgiltar samþykktar og að leggja samþykktir þingsins fyrir löggjafarvaldið. Var lögð rík áherzla á að úr þessu yrði bætt.

### 4. Vernd verkamanna fyrir geislun (síðari umræða 1960).

Mál þetta var til fyrri umræðu á þinginu 1959 og var þá samþykkt með litlum meiri hluta að gera skyldi um það samþykkt, en láta ekki tillögu nægja.

Fyrir þinginu lá uppkast að samþykkt og tillögu um málið, sem Alþjóðavinnu- og atvinnuáráðs hafði samið, og voru þær afgreiddar með litlum breytingum.

Í nefndinni, sem um málið fjallaði á þinginu, var einhugur um það, að samþykktin skyldi ná til hvers konar starfa, sem hafa í för með sér geislahættu fyrir verkamenn, þó með þeirri undantekningu að undanþiggja má geislavirk efni og áhöld, ef geislun frá þeim getur ekki farið yfir tiltekið mark, sem ákveðið sé með landslögum í samræmi við ákvæði 1. greinar samþykktarinnar.

Hvað viðvíkur framkvæmd ákvæða samþykktarinnar var það einróma álit nefndarinnar að aðildarríki, sem fullgiltu samþykktina, skyldu þegar í stað fylgja reglum hennar að því er tæki til laga, sem sett yrðu eftir fullgildingu hennar og að eldri reglum yrði hið fyrsta breytt til samræmis við hana.

Í þeim kafla samþykktarinnar, sem fjallar um varnarráðstafanir, er í upphafi lögð áherzla á að geislun sú, sem verkamenn geta orðið fyrir, sé svo lítil sem mögulegt er, og að sneitt sé hjá hvers konar ónauðsynlegri hættu.

Miklar umræður urðu um leyfilegt hámark geislunar fyrir hina ýmsu flokka verkamanna og leiddu þær til þess að þessar reglur fóru meira út í smáatriði, en fyrirhugað var í uppkastinu frá Alþjóðavinnu- og atvinnuáráðs.

Ákvæðin um lækni- og verkamanna rannsóknir voru og mikið rædd. Urðu menn sammála um að einungis skyldi krefjast lækni- og verkamanna rannsóknar á þeim, sem beinlínis ynnu störf, er gætu haft geislunarhættu í för með sér fyrir þá.

Nefndin leit svo á, að erfitt væri að segja fyrir um það hvernig þróunin yrði á sviði samþykktarinnar og því mætti segja henni upp á fimm ára fresti, en venjulega er sá frestur 10 ár.

Tillagan, sem fylgir samþykktinni, hefur að geyma nánari leiðbeiningar um framkvæmd ákvæða samþykktarinnar.

Þá gerði þingið ályktun um vernd vinnandi kvenna gegn geislun. Var nefndin þeirrar skoðunar, að þegar um er að ræða konur á barneignaaldri, væri ekki hægt að gera nægilega raunhæfar ráðstafanir á grundvelli þeirrar þekkingar, sem nú er fyrir hendi til þess að kveða á um þær í alþjóðasamþykkt.

Beindi nefndin þeim tilmælum til stjórnarinnar að hún hvetti aðildarríkin til að fylgjast með þessum málum og athuga möguleikann á því að taka það á dagskrá þingsins síðar.

Samþykktin var gerð með 253 atkvæðum gegn einu, tveir sátu hjá. Tillagan var samþykkt með 257 samhljóða atkvæðum.

Hér á landi hafa ekki verið sett lagaákvæði um efni þeirrar samþykktar, sem um ræðir hér að framan, og er því ekki hægt að fullgilda hana að svo stöddu.

## 5. Samvinna opinberra stjórnvalda við samtök atvinnurekenda og verkamanna (síðari umræða 1960).

Fyrri umræða um þetta mál fór fram á þinginu 1959. Var þá gengið frá uppkasti að tillögu um það. Uppkast þetta var lagt til grundvallar umræðunum um málið á þinginu 1960 og var samþykkt þar með lítills háttar breytingum.

Sovétski ríkisstjórnarfulltrúinn lagðist á móti tillögunni og hélt hann því fram, að hugmyndin um samvinnu milli atvinnurekenda og verkamanna veikti aðstöðu vinnustéttanna, leiddi athygli þeirra frá baráttunni fyrir rétti sínum, sundraði þeim og lamaði þá í baráttunni fyrir hagsmunum sínum.

Ameríski atvinnurekendafulltrúinn taldi þessa tillögu ekki æskilega þar sem frumkvæði að slíkri samvinnu ætli að koma frá aðilunum sjálfum án opinberra afskipta.

Tillagan var samþykkt með 217 atkvæðum gegn engu, 34 sátu hjá.

## 6. Bætt launakjör og lífskjör í landbúnaðarlöndum (almenn umræða 1960).

Til grundvallar umræðunum um þetta mál lagði nefndin, sem um það fjallaði, skýrslu, sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið, en í henni eru settar fram ýmsar tillögur um aukna starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði.

Niðurstaðan af þessum umræðum varð ályktun, sem nefndin samþykkti einróma.

Í ályktun þessari er í upphafi gerð grein fyrir því, að þörfin fyrir þessar aðgerðir sé mest í löndum Asíu, Afríku og Suður-Ameríku, sem eru í framþróun.

Þá er rætt um það, að framleiðsla landbúnaðarvara verði að aukast til þess að unnt verði að fæða aukinn mannfjölda, en sífellt minnkandi hundruðshluti hins aukna mannfjölda vinnur að landbúnaðarstörfum. Aðgerðir vegna fátæktar, sjúkdóma og ónógra heilbrigðisráðstafana í sveitum vanþróaðra landa mundu ekki aðeins stuðla að útrýmingu félagslegs misræmis heldur einnig gera lífið í sveitunum meira aðlaðandi og vinna gegn flutningi fólks úr sveitum í kaupstaði.

Því næst er í ályktuninni rætt um ýmsar ráðstafanir, sem hin einstöku ríki ættu sjálf að gera í þessu efni. Kemur þar einkum til aukning atvinnumöguleikanna í landbúnaði, svo sem með aukinni ræktun og með nýjum möguleikum til arðbærrar vinnu t. d. með því að koma upp iðnaði í smáum stíl þar sem landbúnaðurinn getur



ekki veitt mönnum næga atvinnu. Þá ræðir og um landskiptingu, eflingu samvinnu-fyrirtækja og annarra hentugra félaga um framleiðslu, þjónustu og innkaup nauð-synjavara o. fl.

Síðan ræðir ályktunin um það, hvern þátt alþjóðastofnanir og þá einkum Alþjóðavinnuáskrifstofnunin geti átt í því að stuðla að framkvæmd áætlana einstakra ríkja um framfaramál sveitanna. Í því sambandi er framkvæmdastjórinn hvattur til þess að leggja fyrir stjórnina áætlanir til langs tíma um rannsóknir og aðgerðir í þessu máli með það fyrir augum, að bæta launakjör og lífskjör sveitafólks í löndum, sem eru að þróast.

Þá er þess og getið að hafa beri þessi mál í huga við ákvörðun dagskrármála þingsins í framtíðinni og athuga hvort æskilegt sé að endurskoða eldri samþykktir og tillögur, er varða landbúnaðarfolk.

## 7. Stytting vinnutíma.

Á þinginu 1958 var gerð ályktun þess efnis að þingið skyldi sem fyrst og eigi síðar en 1960 taka til meðferðar styttingu vinnutíma. Í samræmi við þessa ályktun var þetta mál tekið á dagskrá þingsins 1960.

Samdi Alþjóðavinnuáskrifstofan skýrslu um málið og sendi ríkisstjórnnum aðildarríkjanna. Skýrslu þessari fylgdi spurningalisti, þar sem leitað var álits ríkis-stjórna á ýmsum atriðum þessa máls. Á grundvelli þeirra svara, sem bárust, var samin ný skýrsla og var hún ásamt hinni fyrri lögð til grundvallar umræðum um málið á þinginu 1960.

Á því þingi urðu allmiklar umræður um málið, og var gengið frá uppkasti að tillögu, sem síðan var lagt fyrir þingið 1961. Nefndin, sem um það fjallaði á því þingi, gekk síðan frá nýju uppkasti að tillögu. Skiptist það í þrjú kafla.

Í fyrsta kaflanum segir að setja ætti nýjar alþjóðlegar reglur til uppfyllinga þeim, sem fyrir eru, um styttingu vinnutíma. Skyldu þær kveða svo á að stefna skuli að styttingu vinnuvikunnar niður í 40 stundir og skyldi því marki náð í áföng-um þar sem það þætti betur henta, en jafnframt skyldi sett ákveðið hámark um lengd vinnutímans. Þá skyldi og setja ákvæði um aðferðirnar til þess að ná þessu marki.

Annar kaflinn hefur að geyma almennar reglur. Þar segir að stytting vinnutímans niður í 40 stundir á viku ætli ekki að hafa í för með sér lækkun launa, og þar sem vinnuvikan er lengri en 48 stundir ætli að stytta hana þegar í stað að því marki án skerðingar á launum. Þar sem hins vegar vinnuvikan er þegar komin niður í 48 stundir eða minna ætli að hefjast handa um styttingu vinnutímans stig af stigi niður í 40 stundir, eftir því sem aðstæður leyfa í hverju landi. Sérstaka áherzlu skal leggja á styttingu vinnutímans í starfsgreinum, sem hafa í för með sér mikla líkam-lega eða andlega áreynslu fyrir verkamenn eða hættu fyrir heilsu þeirra.

Þriðji kaflinn fjallar um framkvæmdaatriði. Þar er gert ráð fyrir heimild til þess að vinnutíminn megi fara fram úr 40 stundum á viku þó þannig að hann verði ekki lengri en 40 stundir að meðaltali á viku á tilteknu tímabili. Þá er og gert ráð fyrir undanþágum um lengri eða skemmri tíma þar sem sérstaklega stendur á.

Fyrir allar vinnustundir fram yfir hið ákveðna hámark skal greiða yfirvinnu-kaup og gert er ráð fyrir að ákveðin takmörk séu sett um slíka yfirvinnu. Skal í því sambandi taka sérstakt tillit til unglunga innan 18 ára aldurs.

Jafnframt skal hafa samráð við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna um hin ýmsu atriði í reglum þessum.

Að síðustu eru svo ákvæði um eftirlit með framkvæmd reglnanna um lengd vinnutíma til þess að tryggja það, að eftir þeim sé farið í hvívetna.

Við endanlega atkvæðagreiðslu um tillögu þessa greiddu 159 atkvæði með henni, 7 á móti, en 98 sátu hjá. Tillagan náði því ekki fram að ganga, þar sem til þess þarf  $\frac{2}{3}$  atkvæða.

## 8. Verkamannabústaðir.

Stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar ákvað 1958 að þetta mál skyldi tekið á dagskrá þingsins 1960 til almennrar umræðu, sem þó skyldi teljast fyrri umræða um málið, ef þinginu sýndist að æskilegt eða tímabært væri að gera um það samþykkt eða tillögu.

Þegar málið kom til umræðu á þinginu 1960 var þegar samþykkt að æskilegt væri að um það yrði gerð tillaga til ríkisstjórna og skyldi fyrri umræða um hana fara fram á því þingi, en síðari umræða á þinginu 1961.

Alþjóðavinnuáskrifstofan hafði leitað álits og tillagna ríkisstjórna og gerði síðan uppkast að tillögu, sem lögð var fyrir þingið 1960. Þetta uppkast var því lagt til grundvallar umræðunum á því þingi. Síðan var tillöguuppkastið með þeim breytingum, sem á því voru gerðar á þinginu 1960, lagt fyrir þingið 1961, þar sem það, að undangengnum umræðum og nokkrum breytingum, var samþykkt einróma.

Tillaga þessi miðar að því að allir verkamenn eigi þess kost að húa í hæfilegu og viðunandi húsnæði og að útrýmt verði heilsuspillandi húsnæði, en það kom fram við umræður um tillöguna að áætlað er að í heiminum séu um 500 milljónir íbúða, sem telja verður ónothæfa mannabústaði. Er í tillögunni bent á leiðir til úrbóta í þessu efni bæði með beinni og óbeinni aðstoð og afskiptum hins opinbera.

Tillaga þessi er prentuð hér með sem fylgiskjal og verður efni hennar ekki rakið hér frekar.

## 9. Vandamál og stefna í vinnumálum (almenn umræða 1961).

Um þetta mál hafði Alþjóðavinnuáskrifstofan samið greinargerð og var hún lögð til grundvallar umræðum á þinginu.

Nefndin, sem um málið fjallaði gekk frá uppkasti að ályktun um það. Er þar lögð áhersla á það, að ríkisstjórnir vinni að því öllum árum, að allir þeir, sem vilja vinna og geta það, fái að vinna, svo og að menn fái að velja sér starf eftir geðþótta sínum og eigi kost á starfsþjálfun.

Ályktunaruppkast þetta var samþykkt á þinginu og jafnframt ákveðið að málið skyldi tekið til frekari umræðna á þinginu eigi síðar en 1963.

## 10. Starfsþjálfun (1. umræða 1961).

Á þinginu 1961 fór fram fyrri umræða um starfsþjálfun og var gengið frá uppkasti að tillögu um það efni. Var jafnframt ákveðið að málið skyldi tekið til síðari umræðu og endanlegrar afgreiðslu á þinginu 1962.

Í uppkastinu segir að því sé ætlað að taka til almennrar starfsþjálfunar og tæknilegrar menntunar, sem miði að því að gera menn hæfa til starfs eða frama í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins. Undanskilið er þó landbúnaður og fiskveiðar. Hefur uppkastið að geyma nánari ákvæði um framkvæmdaatriði og samstarf á þessu sviði milli hinna ýmsu aðila, sem það varðar.

## 11. Jafnrétti erlendra manna og innlendra til almannatrygginga (1. umræða 1961).

Til grundvallar umræðunum um þetta dagskrármál lagði nefndin, sem um það fjallaði á þinginu, greinargerð, sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið að fengnum umsögnum frá ríkisstjórnnum aðildarríkjanna. Með greinargerð þessari fylgdu uppköst að samþykkt og tillögu um málið.

Jafnrétti innlendra manna og erlendra er mál sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur ávallt látið til sín taka. Eru í samþykktum stofnunarinnar ýmis ákvæði í þessa átt viðvíkjandi einstökum greinum almannatrygginga. Í því sambandi má nefna samþykktina frá 1925 um jafnrétti til slysabóta.

Fyrsta tilraunin, sem gerð var til þess að setja reglur um stöðu útlendinga að því er tekur til allra greina trygginganna, var gerð með samþykktinni frá 1952 um lágmark félagslegs öryggis. Þar var málið þó ekki leyst til fulls. Þegar þingið gerði þá samþykkt var því ljóst að ákvæðin, sem sett voru um réttindi útlendinga, voru ónóg og gerði það því um leið ályktun um réttindi erlendra verkamanna, og verkamanna, sem flytjast milli landa. Þar segir að í sambandi við réttarstöðu slíkra manna risi margvísleg vandamál, sem ekki séu leyst að fullu með samþykktinni frá 1952. Er stjórnin hvött til þess að taka til athugunar viðeigandi ráðstafanir um setningu alþjóðlegra reglna um réttindi þessara manna.

Af þessu tilefni ákvað stjórnin 1957 að biðja framkvæmdastjórnann að semja greinargerð um löggjöf og framkvæmd viðvíkjandi jafnrétti erlendra manna og innlendra til félagslegs öryggis. Greinargerð þessi var samin í náinni samvinnu við sérfræðinganevnd stofnunarinnar í tryggingamálum.

Stjórnin óskaði enn fremur umsagnar þessarar sérfræðinganevndar, sem rannsakaði málið á fundi sínum í Genf 1959. Í greinargerð, sem nefndin sendi stjórninni í marz 1959, mælli hún með því að málið yrði tekið á dagskrá þingsins og að þannig yrði orðið við þeim óskum, sem fram komu á þinginu 1952. Enn fremur setti nefndin fram ýmsar tillögur um það, með hverjum hætti ætti að setja alþjóðlegar reglur um rétt útlendinga til almannatrygginga.

Samþykkt var að uppkast að samþykkt og tillögu yrði lagt fyrir Alþjóðavinnumálaþingið 1962 til endanlegrar afgreiðslu.

## 12. Breytingar á samþykktum gerðum á fyrstu þrjátíu og tveim Alþjóðavinnumálaþingunum.

Í lokaákvæðum samþykktar Alþjóðavinnumálaþingsins, sem gerðar voru á tímabilinu frá 1919 til 1949 er svo kveðið á að stjórn stofnunarinnar skuli á vissum fresti, sem ýmist er 5 eða 10 ár, leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd viðkomandi samþykktar og jafnframt taka afstöðu til þess, hvort æskilegt sé að leggja fyrir þingið tillögur til breytinga á henni. Í nýrri samþykktum er samsvarandi ákvæði orðað svo að þetta skuli gert þegar stjórnin telji það æskilegt.

Reynslan hefur sýnt að þetta ákvæði eldri samþykktanna hefur haft í för með sér mikla vinnu fyrir Alþjóðavinnumálaskrifstofuna, stundum að litlu gagni. Stjórnin hefur því óskað eftir því að nefndum ákvæðum yrði breytt til samræmis við samsvarandi ákvæði nýrri samþykktanna og það lagt á vald stjórnarinnar að ákveða í hverju tilfelli hve oft skuli gera skýrslur um framkvæmd hverrar samþykktar. Með þessum breytingum verður auðveldara að leggja meiri vinnu í samþykktir, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með framkvæmd á.

Samkvæmt þessum óskum stjórnarinnar gerði þingið einróma samþykkt um umræddar breytingar á samþykktum gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu þingum stofnunarinnar. Er samþykkt þessi prentuð hér með sem fylgiskjal.

### 13. Þáttur Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í efnahagslegum og félagslegum framförum í löndum, sem eru í framþróun.

Mál þetta var til almennrar umræðu, en ekki gert ráð fyrir að um það yrði gerð samþykkt eða tillaga. Niðurstaðan af þessum almennu umræðum varð sú, að gerð var ályktun um málið.

Í ályktun þessari eru aðildarríkin hvött til þess að taka til athugunar aukningu á fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð sinni til vanþróaðra landa. Einnig er lögð áhersla á það, að Alþjóðavinnuálastofnunin auki starfsemi sína á þessu sviði með tæknilegri aðstoð í ýmsum greinum. Er í þessu sambandi sérstaklega rætt um námskeið og námsferðir, stofnanir, sem komið sé á fót fyrir einstök lönd eða fleiri lönd sameiginlega, fræðslustöðvar fyrir verkstjóra og starfsfólk, sem á að vinna með útsendum sérfræðingum. Tekið er fram að sérstaka áherzlu beri að leggja á fræðslu fyrir verkafólk þ. á m. menntun þeirra, sem hafa verkstjórn með höndum.

Þá er í ályktuninni tilmæli til stjórnar stofnunarinnar um að hún athugi um samvinnu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar við aðrar alþjóðastofnanir um tæknilega aðstoð. Einnig er stjórnin beðin að athuga hvort aðgerðirnar við fjárveitingar til hinnar auknu tæknilegu aðstoðar frá Sameinuðu þjóðunum sé með þeim hætti að hin tæknilega aðstoð hæfi aðstæðunum í hverju landi. Stjórnin er enn fremur hvött til þess að athuga nánar fyrirætlanir um sendingu manna til námsdvalar, afhendingu tæknilegs útbúnaðar og um reglur Alþjóðavinnuálastofnunarinnar viðvikjandi ráðningu sérfræðinga. Um síðasta atriðið segir að leitast skuli við að ráða sérfræðinga frá sem flestum löndum og við val þeirra sé reynt að fá menn, sem hafi til að hera þá þekkingu á störfum og tungumálum og þá eiginleika, sem nauðsynlegir eru til góðs árangurs. Almenn er stjórninni með þessari ályktun falið að fylgjast með þróun tæknilegrar aðstoðar með tilliti til þess, hvern þátt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar geti lagt af mörkum til efnahagslegra og félagslegra framfara, nýrra atvinnuöguleika og bættra kjara verkamanna í efnahagslegu og félagslegu tilliti.

#### Fylgiskjal I.

##### Samþykkt (nr. 115) um vernd verkamanna fyrir geislun.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 44. sinni þann 1. júní 1960, og með því að það ákvað að fallast á tilteknar bendingar um vernd verkamanna fyrir geislun, sem er 4. liður á dagskrá þingsins, og að bendingar þessar skyldu færðar í form alþjóðasamþykktar, samþykkir það í dag, hinn 22. júní 1960, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um vernd fyrir geislun (1960):

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Hver sá meðlimur Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að framfylgja henni með lögum, reglugerðum, eða

öðrum hætti, sem við á. Hlutaðeigandi stjórnvald skal hafa samráð við fulltrúa atvinnurækenda og verkamanna um framkvæmd ákvæða samþykktarinnar.

#### 2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til hvers konar starfsemi, sem hefur í för með sér hættu á geislun fyrir verkamenn við vinnu þeirra.
2. Samþykkt þessi tekur ekki til geislandi efna, bundinna eða óbundinna, né tækja, sem gefa frá sér fareindageisla, ef þessi efni eða tæki eru undanskilin ákvæðum hennar með einhverjum hætti, sem nefndur ert í 1. gr. um framkvæmd samþykktarinnar, vegna þess hve litla geislun þau geta gefið frá sér.

#### 3. gr.

1. Í ljósi þeirrar þekkingar, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda á raunhæfan hátt heilbrigði og öryggi verkamanna fyrir geislun.
2. Setja skal reglugerðir og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í þessu skyni og gera skal aðgengilegar staðreyndir, sem nauðsynlegar eru fyrir raunhæfa vernd.
3. Til þess að tryggja slíka raunhæfa vernd:
  - a. skulu ráðstafanir þær til verndar verkamönnum fyrir geislun, sem gerðar eru eftir að hlutaðeigandi ríki fullgildir samþykktina, fullnægja ákvæðum hennar;
  - b. skal hlutaðeigandi aðildarríki, eins fljólt og unnt er, breyta þeim röðstöfunum, sem það hefur gert fyrir fullgildingu samþykktarinnar, þannig að þær fullnægi ákvæðum hennar og greiða fyrir sams konar breytingum á öðrum ráðstöfunum, sem um er að ræða, þegar fullgilding fer fram;
  - c. skal hlutaðeigandi aðildarríki, um leið og það fullgildir samþykktina, senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar yfirlýsingu, er greini á hvern hátt samþykktinni er framfylgt og til hvaða flokka verkamanna ákvæði hennar taki, enn fremur skal það í skýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar skýra frá öllum framförum, sem verða á þessu sviði;
  - d. skal stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar að liðnum þrem árum frá gildistöku samþykktarinnar leggja fyrir þingið sérstaka skýrslu um framkvæmd b-liðs þessarar greinar ásamt tillögum, sem hún kann að telja hagkvæmar til frekari aðgerða á þessu sviði.

## II. KAFLI

### Verndarráðstafanir.

#### 4. gr.

Hver sú starfsemi, sem 2. gr. tekur til, skal þannig skipulögð og framkvæmd að tryggð sé sú vernd, sem ákveðin er í þessum kafla samþykktarinnar.

#### 5. gr.

Allt skal gert til þess að minnka eins og frekast er unnt hættuna á því að verkamenn verði fyrir geislun og allir, sem hlut eiga að máli skulu forðast ónauðsynleg geislaáhrif.

#### 6. gr.

1. Í samræmi við I. kafla þessarar samþykktar skal ákveða fyrir hina ýmsu flokka verkamanna hámark leyfilegrar geislunar, sem upptök á utan líkamans eða í honum og hámark geislandi efna, sem líkaminn má taka við.
2. Slíkt hámarks magn eða skammtur skal stöðugt athugað í ljósi þekkingarinnar á hverjum tíma.

## 7. gr.

1. Í samræmi við ákvæði 6. greinar skal setja viðeigandi takmörk að því er tekur til verkamanna, sem vinna beinlínis við geislavirk efni, og eru:
  - a. átján ára eða eldri;
  - b. yngri en átján ára.
2. Enginn verkamaður yngri en 16 ára má vinna störf, sem hafa í för með sér hættu á geislun.

## 8. gr.

Viðeigandi takmörk skulu sett í samræmi við 6. gr. um verkamenn, sem ekki vinna beinlínis störf, sem hafa í för með sér geislahættu, en dvelja á eða fara um staði þar sem þeir geta orðið fyrir geislun eða geislandi efnum.

## 9. gr.

1. Á viðeigandi hátt skal vara menn við hættu á geislun. Láta skal verkamönnum í té hvers konar nauðsynlegar upplýsingar í þessu sambandi.
2. Allir verkamenn, sem vinna beinlínis störf, sem hafa í för með sér hættu á geislun, skulu áður en vinnan hefst og meðan á henni stendur nægilega upplýstir um varúðarráðstafanir, sem gera skal til verndar heilsu þeirra og öryggi og ástæðurnar til þeirra.

## 10. gr.

Lög eða reglugerðir skulu á nánar tiltekinn hátt kveða á um auglýsingar um störf, sem hafa í för með sér hættu á geislun fyrir verkamenn við vinnu þeirra.

## 11. gr.

Viðeigandi eftirlit skal haft með verkamönnum og vinnustöðum til þess að mæla þá hættu, sem verkamenn eru í vegna geislunar og geislavirkra efna til þess að komast að því, hvort sett takmörk séu virt.

## 12. gr.

Allir verkamenn, sem vinna beinlínis störf, sem hafa í för með sér hættu á geislun, skulu skoðaðir af lækni áður eða skömmu eftir að þeir hefja slíka vinnu og síðan skulu þeir ganga undir læknisrannsókn á hæfilegum fresti.

## 13. gr.

Með einhverjum þeim hætti, sem nefndur er í 1. gr. í sambandi við framkvæmd samþykktarinnar, skal tilgreina þær aðstæður, sem vegna eðlis eða magns geislunar, eru þess valdandi að þegar beri að gera eftirtaldar ráðstafanir:

- a. að verkamaðurinn undirgangist viðeigandi lækniSSkoðun;
- b. að atvinnurekandinn sendi hlutaðeigandi stjórnvaldi tilkynningu í samræmi við kröfur þess;
- c. að menn, sem eru sérfróðir í vernd gegn geislun rannsaki vinnuskilyrði verkamanna;
- d. að atvinnurekandinn geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta í samræmi við tæknilegar niðurstöður og ráðleggingar læknis.

## 14. gr.

Enginn verkamaður má hefja eða halda áfram vinnu gagnstætt lækni ráði við störf, sem hafa í för með sér geislahættu.

## 15. gr.

Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að koma á fót viðeigandi eftirliti með framkvæmd ákvæða hennar, eða fullvissa sig um að viðeigandi eftirlit sé framkvæmt.

## III. KAFLI

## Lokaákvæði.

## 16. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skráningar.

## 17. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjórnann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjórnunum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

## 18. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum fimm árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum fimm ára tímabilsins. sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað fimm ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju fimm ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

## 19. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgilinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgilingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

## 20. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skráningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

## 21. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.



## 22. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti skal:
  - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér lafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 18. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
  - b. aðildarríkjum er ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi, enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

## 23. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

**Samþykkt (nr. 116) um breytingu ú samþykktum gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu Allsherjarþingum Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu um framkvæmd samþykktarinnar í því skyni að samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu um framkvæmd samþykktarinnar.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 45. sinn hinn 7. júní 1961, og með því að það ákvað að fallast á tiltekna bændingur um breytingu á samþykktum gerðum á fyrstu þrjátíu og tveim Allsherjarþingum Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu í því skyni að samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar stofnunarinnar um framkvæmd samþykktarinnar og að bændingar þessar skuli færðar í form alþjóðasamþykktar, samþykkir það í dag, hinn 26. júní 1961 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um breytingu lokagreina, 1961:

## 1. gr.

Í textum samþykktanna sem gerðar hafa verið á þrjátíu og tveim fyrstu Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu skal lokagreinin, sem kveður á um að stjórn Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu skuli leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, falla niður en í hennar stað komi eftirfarandi grein:

„Þegar stjórn Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.“

## 2. gr.

Hvert það aðildarríki stofnunarinnar, sem sendir framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu formlega fullgildingu sína á einhverri þeirra samþykktarinnar, sem gerðar hafa verið á þrjátíu og tveim fyrstu Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu eftir gildistöku þessarar samþykktar, skal talið hafa fullgilt þá samþykkt með þeirri breytingu, sem felst í þessari samþykkt.

## 3. gr.

Tvö eintök þessarar samþykktar skulu löggilt með undirskriftum forseta þingsins og framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- og atvinnulífisráðs Evrópu. Skal annað eintakið

varðveitt í skjalasafni Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, en hitt skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdastjórinn skal senda öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar staðfest afrit samþykktar þessarar.

#### 4. gr.

1. Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar.
2. Samþykkt þessi gengur í gildi þegar framkvæmdastjóranum hafa borizt fullgildingar tveggja aðildarríkja Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar.
3. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar og aðalritara Sameinuðu þjóðanna þegar samþykktin gengur í gildi og þegar honum berast síðari fullgildingar á henni.
4. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt viðurkennir þar með að frá fyrstu gildistöku þessarar samþykktar skuli ákvæði hinnar breyttu greinar, sem birt er í 1. gr. þessarar samþykktar, koma í stað skyldu stjórnarinnar samkvæmt samþykktum, gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu Alþjóðavinnuáskrifstofunum, til að leggja fyrir þingið á tilteknum fresti skýrslu um framkvæmd hverrar einstakrar samþykktar og að athuga á sama fresti hvort æskilegt sé að endurskoða samþykktina alla eða hluta hennar.

#### 5. gr.

Drátt fyrir það, sem standa kann í einhverri þeirra samþykkt, sem gerðar voru á fyrstu þrjátíu og tveim þingunum, skal fullgilding aðildarríkis á þessari samþykkt ekki ipso jure hafa í för með sér uppsögn slíkrar samþykktar og eigi skal heldur gildistaka þessarar samþykktar koma í veg fyrir síðari fullgildingar á slíkri samþykkt.

#### 6. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
  - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér uppsögn þessarar samþykktar, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er hún öðlaðist gildi;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi, enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

#### 7. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

### Fylgiskjal III.

**Tillaga (nr. 113) um samráð og samvinnu milli opinberra stjórnvalda og félagsamtaka atvinnurekenda og verkamanna, er taki til einstakra atvinnugreina og landsins alls.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 44. sinn 1. júní 1960, og með því að það ákvað að fallast á tilteknar ábendingar varðandi samráð og samvinnu milli opin-

berra stjórnvalda og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna, er nái til einstakra atvinnugreina og landsins alls, en það var fimmta mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli færðar í tillöguform, samþykkti það hinn 20. júní 1960 eftirfarandi tillögu:

1. (1) Gera skal ráðstafanir, sem hæfa aðstæðum í hverju einstöku landi, til þess að efla raunhæfa samvinnu milli opinberra stjórnvalda og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna innan einstakra atvinnugreina og landsins í heild, svo og milli þessara félagssamtaka innbyrðis, í þeim tilgangi, sem um ræðir í 4. og 5. málsgrein hér á eftir og enn fremur samvinnu þeirra um þau mál önnur, er þessir aðilar kunna að ákveða og þá varða sameiginlega.
  - (2) Slíkum ráðstöfunum skal beita án hvers konar mismununar gagnvart þessum félagssamtökum eða innan þeirra vegna kynþátta, kynferðis, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða þjóðfélagslegs uppruna meðlima þeirra.
2. Þessi samvinna og samráð má ekki brjóta í bág við félagafrelsi eða réttindi félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna, þ. á m. rétt þeirra til að gera heildarsamninga.
3. Í samræmi við venju í hverju landi skal þessari samvinnu komið á eða greitt fyrir henni með:
  - a. frjálsum aðgerðum félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna; eða
  - b. aðstoð frá opinberum stjórnvöldum; eða
  - c. lögum eða reglugerðum; eða
  - d. þessum aðferðum sameiginlega.
4. Markmiðið með þessari samvinnu á almennt að vera efling gagnkvæms skilnings og góðs sambands milli opinberra stjórnvalda og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna svo og þessara samtaka milli, í því skyni að efla atvinnulífið í heild eða einstakar greinar þess, svo og að bæla vinnuskilyrðin og lífskjörin.
5. Þessi samvinna og samráð ætti einkum að miða að því:
  - a. að félög atvinnurekenda og verkamanna taki sameiginlega til athugunar mál, sem báða aðila varða, til þess að þeir geti komið að sem fyllstu samkomulagi um lausn þeirra; og
  - b. að tryggja það, að hlutaðeigandi stjórnvöld leiti, eftir því sem við á, álits, ráðlegginga og aðstoðar félaga atvinnurekenda og verkamanna í málum eins og:
    - (i) undirbúningi og framkvæmd laga og reglugerða, er varða hagsmuni þeirra;
    - (ii) stofnun og starfsemi nefnda, er taki til landsins alls, eins og þeirra, sem annast vinnumiðlun, starfsþjálfun, vinnuvernd, heilbrigði og öryggi við vinnu, framleiðni, félagslegt öryggi og velferð; og
    - (iii) samningu og framkvæmd áætlana um framfarir á sviði efnahagsmála og félagsmála.

#### Fylgiskjal IV.

##### **Tillaga (nr. 114) um vernd verkamanna fyrir geislun.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 44. sinn þann 1. júní 1960, og með því að það ákvað að fallast á tilteknar ábendingar um vernd verkamanna fyrir geislun, en það var fjórða mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið að þessar ábend-

ingar skuli færðar í form tillögu til uppfyllingar samþykktinni um vernd fyrir geislun (1960), samþykkti það hinn 22. júní 1960 eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu um vernd gegn geislun (1960).

### I. Almenn ákvæði.

1. Tillögu þessari skal framfylgja með lögum eða reglugerðum, eða öðrum þeim hætti, sem við á. Við framkvæmd ákvæða tillögunnar skal hlutaðeigandi stjórnvald hafa samráð við fulltrúa atvinnurekenda og verkamanna.
2. (1) Tillaga þessi tekur til hvers konar starfsemi, sem hefur í för með sér geislunarhættu fyrir verkamenn við vinnu þeirra.
- (2) Tillaga þessi tekur ekki til geislandi efna, hvorki bundinna né óbundinna, né tækja, sem gefa frá sér geisla, ef efni þessi eða tæki eru undanskilin ákvæðum hennar með einhverjum þeim hætti, sem nefndur er í 1. gr. um framkvæmd tillögunnar, vegna þess hve geislavirkni þeirra er lítil.
3. Í því skyni, að gefa gildi 2. mgr. 3. gr. samþykktarinnar um vernd fyrir geislun frá 1960 skal hvert aðildarríki gefa gaum að tillögum þeim, sem Alþjóðanefnd um varnir gegn geislun gerir á hverjum tíma og reglum, sem settar eru af öðrum þar til bærum aðilum.

### II. Leyfilegt hámark.

4. Mörk þau, sem nefnd cru í 6., 7. og 8. grein geislavarnarsamþykktarinnar frá 1960, skulu ákveðin með hliðsjón af þeim mörkum, sem Alþjóðanefndin um geislavarnir leggur til á hverjum tíma. Enn fremur skal á grundvelli þessara marka ákveða, hversu mikið magn geislavirkra efna megi hið mesta vera í andrúmslofti og neytluvatni.
5. Gera skal viðeigandi varúðarráðstafanir — bæði almennar og varðandi einstaklinga — til tryggingar því að ekki séu brotin hámarksákvæði þau, sem sett eru í 6., 7. og 8. gr. samþykktarinnar frá 1960 um vernd fyrir geislun, svo og að ekki sé farið yfir leyfilegt hámark, sem kveðið er á um í 4. gr. að megi vera í andrúmslofti og neytluvatni.

### III. Umsjónarmaður.

6. Atvinnurekandi skal tilnefna hæfan mann til þess að sjá um vernd gegn geislun á vegum fyrirtækisins.

### IV. Varnarráðstafanir.

7. (1) Einkum skal beita almennum varnarráðstöfunum bæði tæknilegum og skipulagslegum þar sem þær tryggja raunhæfa vernd.
- (2) Þar sem almennar varnarráðstafanir eiga ekki við, skal nota persónulegan varnarútbúnað og viðeigandi varnarráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur.
8. (1) Allar aðgerðir og tæki til varnar skulu þannig gerð að þau nái tilgangi sínum.
- (2) Gera skal ráðstafanir til þess að þessar aðgerðir og tæki séu athuguð reglulega til þess að ganga úr skugga um hvort í góðu lagi séu, verki nægilega vel, séu vel sett og veiti þá vernd, sem þeim er ætlað. Sérstaklega skulu þau athuguð áður en þau eru tekin í notkun og jafnan þegar breytingar cru gerðar á aðferðum, tækjum eða öryggisútbúnaði.
- (3) Þegar í stað skal bæta úr hvers konar göllum, sem finnast á þessum aðgerðum og tækjum og ef nauðsyn ber til, skal þegar taka úr notkun þann

- útbúnað, sem um er að ræða, og ekki taka hann í notkun aftur fyrr en bætt hefur verið úr göllunum.
- (4) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að krefjast viðeigandi skoðunar á tilteknum fresti á meiri háttar öryggisbúnaði og sér í lagi útbúnaði til takmörkunar á geislun.
  9. (1) Opnar uppsprettur geislunar skal meðhöndla með fyllsta tilliti citrunar þeirra.
  - (2) Vinnuaðferðir, sem viðhafðar eru, skulu valdar með það fyrir augum að minnka hæltuna á því að geislandi efni komist inn í líkamann og koma í veg fyrir að geislavirkur úrgangur breiðist út.
  10. Gera skal fyrirfram ráðstafanir til þess að:
    - a. finna svo fljótt sem unnt er leka eða bresti á umbúnaði geislavirkra efna, sem gæli haft í för með sér hættu á útbreiðslu geislavirks úrgangs; og
    - b. koma fljótt í veg fyrir frekari útbreiðslu geislavirks úrgangs og heita öðrum viðeigandi varúðarráðslöfunum, þ. á m. hreinsun, eftir því sem nauðsyn krefur, í samvinnu við öll þau stjórnvöld, sem hlut eiga að máli.
  11. Uppsprettur geislunar, sem geta haft í för með sér geislahættu fyrir verkamenn og svæði, þar sem slík hætta getur verið fyrir hendi, eða þar sem verkamenn eru í hættu fyrir geislavirkum úrgangi, skulu, þar sem nauðsyn krefur, merkt með auðsæjum aðvörunarskiltum.
  12. Öll þau efni, sem geislun getur stafað frá — hvort sem þau eru bundin eða óbundin — sem eru notuð eða geymd í fyrirtæki, skulu færð á viðeigandi skrá.
  13. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald skal krefja hvern þann atvinnurekanda eða fyrirtæki, sem notar eða hefur undir höndum geislavirk efni, um skýrslur um notkun þeirra í því formi, sem það ákveður.
  - (2) Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða á hvern hátt geyma skuli slík efni þegar þau eru ekki í notkun.
  14. Geislavirk efni skal ekki flytja til annars atvinnurekanda eða fyrirtækis án þess að það sé tilkynnt á þann hátt, sem hlutaðeigandi stjórnvald krefst.
  15. (1) Hver sá, sem hefur ástæðu til að ætla að geislavirk efni hafi glatazt, mislagzt, þeim stolið eða þau skemmd, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi aðila, sem um ræðir í 6. grein hér að framan, eða, ef það er ekki hægt, öðrum ábyrgum aðila, sem þá skal koma upplýsingunum áfram til hlutaðeiganda svo fljótt sem unnt er.
  - (2) Ef tjónið, þjófnaðurinn eða skemmdirnar eru sannaðar, skal það tilkynnt hlutaðeigandi stjórnvaldi tafarlaust.
  16. Með tilliti til þeirra sérstöku heilbrigðisvandamála, sem eru samfara vinnu kvenna á barneignaaldri við geislavirk efni, skal þess vandlega gætt að þær séu ekki í hættu fyrir mikilli geislun.

#### V. Eftirlit með geislavirkni.

17. (1) Með það fyrir augum að ganga úr skugga um að virt séu þau mörk, sem sett hafa verið, skal hafa viðeigandi eftirlit með verkamönnum og vinnustöðum til þess að mæla í hve ríkuð mæli verkamenn eru í hættu fyrir geislavirkum efnum.
- (2) Að því er tekur til útvortis geislunar skal þetta eftirlit framkvæmt með myndum, skammtamælum og öðrum viðeigandi aðferðum.
- (3) Þegar um er að ræða innvortis geislun og ástæða er til að ætla að hæsta leyfilegu marki geislunar verði náð eða farið hefur verið yfir það, skal eftirlitið m. a. fólgið í mælingu:

- a. á geislasýkingu;
  - b. á magni geislavirkra efna í líkamanum, ef það er mögulegt.
- (4) Auk þess að mæla geislavirkni alls líkamans ætti eftirlitið að gera það mögulegt að ákvarða sér í lagi geislavirkni einstakra líkamshluta, sem orðið geta fyrir mestu tjóni.
18. Þar sem það á við, skal hlutaðeigandi stjórnvald krefjast rannsóknar á því, hvort óhreinindi finnist á höndum, líkama eða fötum manna, er þeir fara af vinnustað.
19. Mönnum þeim, sem framkvæma eftirlit samkvæmt ákvæðum Geislavarnasamþykktarinnar frá 1960 og þessarar tillögu, skal séð fyrir viðeigandi útbúnaði og aðstöðu til þess að vinna þessi störf.

#### VI. Læknisrannsóknir.

20. Allar þær læknisrannsóknir, sem um ræðir í Geislavarnasamþykktinni frá 1960 skulu gerðar af þar til hæfum lækni.
21. Í tilfellum þeim, sem um ræðir í 13. gr. Geislavarnasamþykktarinnar frá 1960, skulu sérfræðingar framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir.
22. Læknisrannsóknir þær, sem um ræðir í undanfarandi greinum skulu vera verkamönnum að kostnaðarlausu.
23. Læknum, sem framkvæma slíkar rannsóknir, skulu veittar aðstæður til þess að kynna sér vinnuskilyrði hlutaðeigandi verkamanna.
24. Gera skal og halda heilbrigðisskýrslur eftir kröfum hlutaðeigandi stjórnvalds um alla verkamenn, sem ganga undir slíkar læknisrannsóknir.
25. Heilbrigðisskýrslur þessar skulu vera í sama formi fyrir allt landið.
26. Eftir því sem unnt er, skal færa skrá yfir alla þá skammta, sem sérhver verkamaður, sem um ræðir í 24. grein, getur móttekið við vinnuna, svo að hægt sé að laka tillit til heildarmagnsins í sambandi við ráðningar í vinnu.
27. Gera skal það, sem unnt er, til þess að láta verkamann lá aðra vinnu við sitt hæfi, ef það eftir læknisráði samkvæmt ákvæðum 14. gr. Geislavarnasamþykktarinnar frá 1960 er óráðlegt að láta hann verða fyrir frekari geislun í venjulegu starfi hans.

#### VII. Eftirlit og tilkynningar.

28. Eftirlit það, sem um ræðir í 15. gr. Geislavarnasamþykktarinnar frá 1960 skal hafa á að skipa nægilega mörgum mönnum sem þekkja vel til geislahættu og eru færir um að gefa ráðleggingar um varnir gegn henni.
29. (1) Fulltrúum þessa eftirlits skal heimilt að gera ráðstafanir til þess að bæta úr þeim göllum, sem þeir hafa orðið varir við á tækjum eða vinnuaðferðum, sem þeir hafa skynsamlega ástæðu til að ætla að stofni heilbrigði eða öryggi verkamannanna í hættu vegna geislunar.
- (2) Til þess að gera fulltrúunum mögulegt að gera þessar ráðstafanir, skal þeim veittur réttur til að gefa eða láta gefa fyrirskipanir um:
- a. að þær breytingar, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja það að farið sé eftir ákvæðunum um heilbrigði og öryggi verkamannanna, séu gerðar innan tiltekins tíma;
  - b. ráðstafanir, er komi til framkvæmda þegar í stað, ef nauðsyn krefur vegna hættu fyrir heilbrigði eða öryggi verkamanna.
- Slíkum fyrirskipunum skal vera hægt að áfrýja til dómstóls eða framkvæmdavalds eftir því sem lög eða reglugerðir mæla fyrir um.
30. (1) Sérhvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til eftirlits með dreifingu og notkun geislavirkra efna.

(2) Í þessum ráðslöfunum skal það fólgið:

- a. að hlutaðeigandi stjórnvaldi sé á þann hátt, sem það ákveður, tilkynnt um afhendingu slíkra efna;
  - b. að hlutaðeigandi stjórnvaldi sé á þann hátt, sem það ákveður, tilkynnt áður en hafin er í fyrsta sinn vinna, sem gelur haft í för með sér geislahættu fyrir verkamennina svo og áður en gerðar eru veigamiklar aukningar eða breytingar á tækjum eða útbúnaði, sem gefa frá sér geisla eða eru til varnar gegn þeim. Skal þar greina tegund tækja eða útbúnaðar og hverjar ráðstafanir eru gerðar til varnar gegn geislum.
31. Þegar endanlega er hætt vinnu, sem hefur í för með sér geislahættu fyrir verkamenn, skal atvinnurekandinn tilkynna það hlutaðeigandi stjórnvaldi á þann hátt, sem það ákveður.

#### VIII. Samvinna atvinnurekenda og verkamanna.

32. Atvinnurekendur og verkamenn skulu gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að tryggja sem nánasta samvinnu um varnarráðstafanir gegn geislun.

#### Fylgiskjal V.

##### Tillaga (nr. 115) um húsnæðismál verkamanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 45. sinn hinn 7. júní 1961, og með því að það ákvað að fallast á tilteknar ábendingar um húsnæðismál verkamanna, sem er fimmta mál á dagskrá þingsins og þar sem það hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli færðar í tillöguform, samþykkti það hinn 28. júní 1961 eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu um húsnæðismál verkamanna, 1961:

Með því að stjórnarskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar kveður svo á að stofnunin skuli vinna að þeim markmiðum, sem sett eru í Filadelfíufirlýsingunni, sem lýsir það heilaga skyldu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að efla meðal þjóða heims áætlanir um viðunandi húsnæði; og

með því að mannréttindayfirlýsing Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna viðurkennir að „allir menn eigi rétt á sæmandi lífskjörum með tilliti til heilbrigði og velferðar þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra, þ. á m. ... húsnæðis; og

með því að Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnuálastofnunin hafa, — eins og fram kemur í starfsáætlun Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra á sviði húsnæðismála og skipulagsmála kaupstaða og sveita, sem Efnahags- og félagsmálaráðinu og stjórn Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er kunnugt um frá 1949, — orðið ásatтар um að Sameinuðu þjóðirnar fjalli almennt um húsnæðismál og skipulagsmál, en Alþjóðavinnuálastofnunina varði sérstaklega húsnæðismál verkamanna;

leggur þingið til að hvert aðildarríki, innan marka almennra stefnu sinnar í félagsmálum og efnahagsmálum framfylgi eftirfarandi meginreglum á þann hátt, sem hæfir aðstæðum í hverju landi:

#### ALMENNAR MEGINREGLUR.

##### I. Gildissvið.

1. Tillaga þessi tekur til húsnæðismála allra verkamanna þ. á m. þeirra, sem vinna sjálfstætt, svo og þeirra, sem eru aldraðir, hafa látið af störfum eða eru líkamlega fatlaðir.



## II. Markmið í húsnæðismálum einstakra landa.

2. Innan ramma hinnar almennu stefnu hvernar þjóðar í húsnæðismálum, ætti að vinna að því að komið sé upp húsnæði og öðrum samfélagslegum þægindum með það fyrir augum að allir verkamenn og fjölskyldur þeirra eigi kost á hæfilegu og viðunandi húsnæði og viðhlýtandi umhverfi að búa í. Jafnan skulu þeir ganga fyrir, sem brýnasta hafa þörfina.
3. Gaumur skal einnig gefinn að viðhaldi, endurbótum og breytingum á húsnæði og skyldum samfélagslegum þægindum, sem fyrir eru.
4. Stefnt skal að því að hæfilegt og viðunandi húsnæði kosti verkamanninn ekki meira en hæfilegan hluta af tekjum hans, hvort sem um er að ræða húsaleigu eða afborganir af kaupverði húsnæðis.
5. Áætlanir um húsnæðismál verkamanna ættu að gefa svigrúm fyrir byggingarstarfsemi á vegum einstaklinga, samvinnufélaga og hins opinbera.
6. Með tilliti til þess að áætlanir um stöðugar húsbýggingar í stórum stíl geti haft í för með sér samkeppni við áætlanir um efnahagslegar framfarir og þróun, þar sem hinn takmarkaði fjöldi faglærðra og þjálfðra verkamanna, sem völ er á, eða að takmarkaðra byrgða efna er þörf til húsbýgginga og til annarrar framleiðslu, sem nauðsynleg er til aukinnar framleiðni, þá skal samræma stefnuna í húsnæðismálum almennri stefnu í efnahags- og félagsmálum, þannig að húsnæðismál verkamanna hafi nokkurn forgangsrétt, þar sem tekið sé tillit til þarfarinnar í húsnæðismálum og þess, sem jöfn efnahagsleg þróun krefst.
7. Hver einstök fjölskylda ætti að hafa sjálfstæða aðskilda íbúð ef hún óskar þess.

## III. Hlutverk opinberra stjórnvalda.

8. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld í hverju landi skulu með fullu tilliti til stjórnskipunar landsins, setja á fót stofnun, sem öll opinber stjórnvöld, er hafa skyldum að gegna í húsnæðismálum, séu í tengslum við.
- (2) Hlutverk þessarar stofnunar ætti að vera:
  - a. að rannsaka og meta þarfir verkamanna fyrir húsnæði og skyld borgaraleg þægindi;
  - b. að semja áætlanir um húsnæðismál verkamanna, en slíkar áætlanir skulu fela í sér aðgerðir til útrýmingar á fátækrahverfum og bygginga nýs húsnæðis fyrir íbúa slíkra hverfa.
- (3) Viðurkennd félög verkamanna og atvinnurekenda svo og önnur félög, sem hlut eiga að máli, ættu að taka þátt í starfsemi stofnunarinnar.
9. Áætlanir þjóðar í húsnæðismálum ættu að miða að því, að tryggja það í samræmi við önnur markmið þjóðarinnar og innan marka, sem þörfin fyrir húsnæði og skyldar þarfir setur, að allt fjármagn einstaklinga og hins opinbera, sem tiltækt er í þessu skyni, sé sameinað og notað til byggingar húsnæðis fyrir verkamenn og skyldra félagslegra þæginda.
10. Þar sem þörf er stöðugrar verklegrar aukningar húsbýgginga til þess að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir verkamannahúsnæði ættu framfaraáætlanir í efnahagsmálum í samræmi við önnur markmið þjóðarinnar að fela í sér ráðstafanir til að sjá fyrir fagmönnum, efni, tækjum og fjármagni, sem til húsbýgginga þarf.
11. Að svo miklu leyti sem þörf krefur og unnt er, skulu opinber stjórnvöld taka á sig annað hvort að láta beint í té eða greiða fyrir því að verkamönnum sé látið í té húsnæði til leigu eða eignar.

#### IV. Húsnæði frá atvinnurekendum.

12. (1) Atvinnurekendur ættu að viðurkenna hverja þýðingu það hefur fyrir þá að opinberir aðilar eða óháð félög svo sem byggingarsamvinnufélög og önnur félög komi upp, með jöfnum rétti fyrir alla, húsnæði fyrir verkamenn þeirra, sem aðskilið sé frá starfsemi atvinnurekandans.
- (2) Það ætti að vera viðurkennt, að það er yfirlitt ekki æskilegt að atvinnurekendur sjái verkamönnum sínum fyrir húsnæði beint, nema það sé nauðsynlegt eins og t. d. þegar fyrirtæki er staðsett langt frá byggðasvæðum eða þegar atvinnunni er þannig háttað, að nauðsynlegt er að verkamaðurinn sé til taks með stultum fyrirvara.
- (3) Þegar atvinnurekandinn lætur húsnæði í té:
  - a. skulu viðurkennd grundvallar mannréttindi verkamanna, sér í lagi félagafrelsi;
  - b. skulu landslög og reglugerðir fyllilega virt í sambandi við uppsögn leigumála eða brottflutning úr húsnæði við lok vinnusamnings;
  - c. skal leigan ákveðin í samræmi við reglur í 4. gr. hér ða framan og má aldrei vera miðuð við gróða.
- (4) Óheimilt skal atvinnurekanda að láta verkamönnum í té húsnæði og önnur félagsleg þægindi upp í kaup þeirra, en sé það ekki bannað skal haft eftirlit með því til þess að vernda hagsmuni verkamanna.

#### V. Fjárframlög.

13. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera þær ráðstafanir, sem við eiga, til þess að tryggja framkvæmd áætlana um húsnæðismál með því að sjá fyrir reglulegum og stöðugum fjárframlögum eftir því sem nauðsyn krefur.
- (2) Í þessu skyni:
  - a. skal veita möguleika á lánum með sanngjörnum vöxtum hjá hinu opinbera og einstaklingum; og
  - b. til viðbótar þeirri aðstoð ætli að veita aðra beina og óbeina fjárhagslega aðstoð svo sem styrki, eftirgjöf á sköttum og skattalækkanir fyrir einstaklinga, samvinnufélög og opinbera eigendur húsnæðis.
14. Ríkisstjórnir og félög verkamanna og atvinnurekenda ættu að efla samvinnufélög og önnur hliðslæð félög um húsnæðismál, sem ekki starfa á ágóða grundvelli.
15. Opinber stjórnvöld ættu að leitast við að tryggja það, að verkamenn, sem vilja eiga eða byggja sér íbúðir, eigi kost á lánum frá hinu opinbera og einstaklingum með sanngjörnum kjörum, og gera aðrar þær ráðstafanir, er greiða fyrir því að þeir geti átt sínar íbúðir.
16. Ríkisveðlánastarfsemi eða ríkisábyrgðum á lánum skal komið á fót til þess að greiða fyrir byggingu húsnæðis fyrir verkamenn í löndum þar sem heilbrigð lánastarfsemi er fyrir hendi og slík kerfi þykja eiga við.
17. Gera skal viðeigandi ráðstafanir í samræmi við venjur í hverju landi, til þess að:
  - a. hvetja einstaklinga, samvinnufélög og einkastofnanir til þess að spara fé til húsnæðisbygginga fyrir verkamenn; og
  - b. hvetja einstaklinga, samvinnufélög og einkastofnanir til þess að leggja fé í byggingu húsnæðis fyrir verkamenn.
18. Verkamannabústaðir, sem byggðir eru með aðstoð hins opinbera mega ekki lenda í braski.

### VI. Kröfur til húsnæðis.

19. Í því skyni að tryggja öryggi í byggingu og viðunandi hreinlæti, heilbrigðishætti og þægindi, ættu þar til þær stjórnvöld yfirleitt að setja ákvæði um lágmarkskröfur um húsnæði. Skulu þær settar með tilliti til aðstæðna á hverjum stað og ráðstafanir gerðar til að framfylgja þeim.

### VII. Aðferðir til að auka afköst í byggingariðnaði.

20. Í samvinnu við félög atvinnurekenda og verkamanna skulu ríkisstjórnir efla aðgerðir til sem raunhæfastrar nýlingar á fánlegu fjármagni í byggingariðnaði og skyldum atvinnugreinum og, þar sem þess gerist þörf, ætti einnig að afla aukins fjármagns.

### VIII. Húsbyggingar og stöðugleiki í atvinnu.

21. Áætlanir um húsbyggingar skulu þannig gerðar að hraðað sé byggingu verkamannahúsnæðis og skyldra félagslegra þæginda þegar deyfð er í efnahagslífinu.
22. Ríkisstjórnir og félög atvinnurekenda og verkamanna skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að auka árlegar byggingar verkamannahúsnæðis og skyldra félagslegra þæginda með því að draga úr árstíðabundnu atvinnuleysi í byggingariðnaði, að teknu tilliti til reglna 6. greinar hér að framan.

### IX. Skipulag bæja og sveita.

23. Samning og framkvæmd áætlana um húsnæðismál verkamanna skal vera í samræmi við venjur, sem gilda um skipulagningu bæja og sveita.
24. (1) Opinber stjórnvöld skulu gera það sem við á til þess að koma í veg fyrir brask með lóðir.
- (2) Opinber stjórnvöld ættu að:
- a. hafa vald til þess að fá land á sanngjörnu verði undir húsbyggingar fyrir verkamenn og skyldar félagslegar framkvæmdir; og
  - b. afla lands til vara þar sem henta þykir til þess að greiða fyrir slíkum byggingum og þjónustu í framtíðinni.
- (3) Slíkt land skal látið í té við sanngjörnu verði fyrir húsbyggingar verkamanna og skyldar félagslegar framkvæmdir.

### X. Framkvæmd almennra meginreglna.

25. Við framkvæmd þeirra almennu aðalreglna, sem settar eru í þessari tillögu, ættu meðlimir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og verkamanna, að svo miklu leyti sem mögulegt og æskilegt er, að fara eftir meðfylgjandi ábendingum um framkvæmd tillögunnar.

## ÁBENDINGAR UM FRAMKVÆMD.

### I. Almennar athugasemdir.

1. Áætlanir um húsnæðismál verkamanna, sem gerðar eru og framkvæmdar í samræmi við 8. gr. almennu meginreglnanna ættu að vera þannig að þær leiði til sem mestra framfara í húsnæðismálum verkamanna svo fljótt sem unnt er með tilliti til fánlegs fjármagns, þróunar í efnahagsmálum, tækni og þeirra greina, sem keppa við húsnæðismálin.

2. Í áætlun þjóðarinnar um húsnæðismál ætti að taka sérstakt tillit til húsnæðisþarfar verkamanna, sem vinna eða þörf er fyrir í atvinnugreinum eða á landsvæðum, sem mikla þýðingu hafa fyrir þjóðfélagið. Á þetta einkum við um lönd, sem eru í framþróun.
3. Vjð gerð og framkvæmd áætlana um húsnæðismál ætti á hverjum stað að taka sérstakt tillit til:
  - a. stærðar og aldurs verkamannafjölskyldu og hvernig hún skiptist milli kynja;
  - b. skyldleika fjölskyldumeðlima; og
  - c. sérstakra aðstæðna líkamlega fallaðra manna, sem búa einir, svo og aldraðra manna.
4. Þar sem það á við, ætti að gera ráðstafanir til þess að nýta betur leiguhúsnæði, sem fyrir hendi er, með því að hvetja til skipta á íbúðum í samræmi við húsnæðisþörf t. d. vegna fjölskyldustærðar eða vinnustaðar.
5. Í því skyni að koma sem fyrst á jafnrétti í húsnæðismálum á milli verkamanna, sem flytja milli landa, annars vegar og heimamanna hins vegar, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að taka sérstakt tillit til húsnæðismála hinna fyrr nefndu og fjölskyldna þeirra, þar sem það á við.
6. Greiða ætti fyrir söfnun og rannsókn á hagskýrslum um byggingar og mannfjölda svo og þjóðfélagsfræðilegum rannsóknnum, sem eru veigamiklir þættir í samningu og framkvæmd áætlana um húsnæðismál til langs tíma.

## II. Kröfur til húsnæðis.

7. Kröfur þær til húsnæðis, sem um getur í 19. gr. almennu meginreglnanna, ættu einkum að fjalla um:
  - a. lágmarksrými á mann eða fjölskyldu, tiltekið á einn eða fleiri máta, sem hér á eftir eru taldir, og skal þá fullt tillit tekið til þarfarinnar fyrir herbergi af hæfilegri stærð:
    - (i) gólfpláss;
    - (ii) rúmmál;
    - (iii) stærð og fjöldi herbergja;
  - b. að öruggt og nægilegt vatnsmagn sé í íbúðarhúsnæði, bæði til allra persónulegra nota og heimilishalds;
  - c. kerfi fyrir frárennsli og sorphreinsun;
  - d. viðeigandi vernd fyrir hita, kulda, gufu, hávaða, eldi og dýrum, er hera sóttkveikjur, sér í lagi skordýrum;
  - e. hæfilega aðstöðu til hreinlætis og þvotta, loftræstingar, aðstöðu til geymslu og eldvarnar svo og um lýsingu bæði dagsbirtu og ljós;
  - f. lágmark möguleikans til einangrunar bæði:
    - (i) milli einstaklinga á heimilinu; og
    - (ii) fyrir ótilhlýðilegu utanaðkomandi ónæði; og
  - g. hæfileg skilrúm milli íbúðarhúsnæðis og húsnæðis fyrir skepnur.
8. Þar sem húsnæði fyrir einhleypa verkamenn eða verkamenn, sem eru fjarri fjölskyldum sínum, er sameiginlegt, ætti hlutaðeigandi stjórnvald að setja húsnæðisreglur, sem fela í sér lágmarksákvæði um:
  - a. sérstakt rúm fyrir hvern verkamann;
  - b. sérstakt húsrými fyrir hvort kyn;
  - c. nægilegt og öruggt vatn;
  - d. hæfilegan aðbúnað fyrir frárennsli og hreinlæti;
  - e. hæfilega loftræstingu og hitun, þar sem það á við; og

- f. sameiginlegar matstofur, húsnæði til hvíldar og hressingar svo og aðstöðu til heilbrigðisiðkana, þar sem hún er ekki annars fyrir hendi á staðnum.
9. Reglurnar um húsnæði verkamanna ætli að endurskoða við og við svo að tekið sé tillit til félagslegra, efnahagslegra og læknilegra framfara svo og hækkunar heildartekna á mann.
  10. Almenn og á stöðum þar sem atvinnuöguleikar eru ekki tímabundnir, ætli húsnæði verkamanna og skyld félagsleg þægindi að vera gerð svo varanlegt sé.
  11. Stefna skal að því að verkamannabústaðir og aðrar félagslegar framkvæmdir séu gerðar úr þeim efnum, sem best hæfa með tilliti til aðstæðna á hverjum stað, svo sem hættu á jarðskjálfta.

### III. Sérstakar áætlanir.

12. Sem bráðabirgðaaðgerðir meðan stendur á þróun fagmenntaðs vinnuafis og byggingaiðnaðar, ætli í löndum, sem eru í framþróun, að taka sérstaklega til athugunar áætlanir eins og um sjálfshjálp með aðstoð til byggingar bráðabirgðahúsnæðis, sem er ein leiðin til bóta í húsnæðismálum, cinkum í bæjum. Jafnframt skal í þessum löndum hafizt handa um þjálfun atvinnulausra og ófaglærðra verkamanna í byggingariðnaði og með því auka möguleika á byggingu varanlegs húsnæðis.
13. Ríkisstjórnir, atvinnurekendur og verkamenn svo og félagssamtök þeirra ættu að vinna að því svo sem unnt er að verkamenn geti eignazt sitt eigið húsnæði og, þar sem það á við, að hvetja hlutaðeigendur til að taka þátt í byggingu húsnæðis. Þessar aðgerðir gætu verið fólgnar í:
  - a. tæknilegri þjónustu eins og aðstoð arkitekts og nauðsynlegu eftirliti, þar sem þess gerist þörf;
  - b. rannsókn á húsnæðis- og byggingarmálum, útgáfu og dreyfingu handbóka og einfaldra bæklinga með myndum og upplýsingum um mál eins og húsa-teikningar, kröfur til húsnæðis, byggingatækni og byggingarefni;
  - c. þjálfun í einföldum byggingaraðferðum fyrir þá, sem sjálfir byggja fyrir sig;
  - d. sölu eða leigu á tækjum, efni og áhöldum undir kostnaðarverði;
  - e. lækkun vaxta eða sambærilegri eftirgjöf svo sem beinu fjárframlagi upp í byggingarkostnað, sölu lóða undir gangverði og leigu lóða á lágmarksleigu.
14. Þar sem þörf krefur, skulu nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til þess að gefa fjölskyldum upplýsingar um viðhald og nýtingu þæginda á heimilum.

### IV. Húsnæði, sem atvinnurekandi lætur í té.

15. Þegar atvinnurekandi sér fyrir húsnæðinu ættu eftirfarandi ákvæði að gilda, nema verkamanninum sé tryggð samsvarandi vernd annað hvort með lögum, heildarsamningum eða öðrum bindandi samningum:
  - a. Atvinnurekandi skal eiga rétt á því að fá íbúðina aftur í hendur innan sanngjarns frests þegar vinnusamningur verkamannsins rennur út.
  - b. Þegar verkamaðurinn hættir vinnu vegna veikinda, vanhæfi til vinnu, afleiðinga slyss við vinnu eða dauða, skal hann eða fjölskylda hans eiga rétt á að vera í íbúðinni í hæfilegan tíma meðan verið er að útvega aðra viðhlítandi íbúð;
  - c. verkamaður, sem verður að fara úr íbúð sinni er hann hættir vinnu, á rétt á því að fá sanngjarnar bætur fyrir:
    - (i) jarðargróða, sem hann er að rækla á landi atvinnurekandans með leyfi hans; og
    - (ii) endurbætur, sem bæta varanlega útlit íbúðarinnar og gerðar eru með samþykki atvinnurekandans, enda hafi þær ekki þegar eyðst við notkun.

16. Verkamaður, sem býr í húsnæði, er atvinnurekandinn á, skal halda því við í því ástandi, sem það var í, er hann tók við því. Eðlilegt slit er undanskilið.
17. Menn, sem eiga félagsleg eða viðskiptaleg crindi, þ. á m. erindi stéttarféлага við verkamann, sem býr í húsnæði atvinnurekanda, skal eiga frjálsan aðgang að húsi, sem verkamaðurinn býr í.
18. Þar sem það á við, ætli að athuga möguleikana á því að hið opinbera, aðrar stofnanir eða verkamennirnir geli á sanngjörnu verði eignast húsnæði það, sem atvinnurekandi þeirra lætur í té. Þetta tekur þó ekki til húsnæðis, sem er á alhafnasvæði atvinnufyrirtækisins.

#### V. Fjárframlag.

19. Opinber stjórnvöld ættu annað hvort að veita fé beint til byggingar leiguhúsnæðis eða veita til þess fjárhagslega aðstoð, einkum fyrir sérstaka hópa manna svo sem menn, sem eru að stofna heimili, einstaklinga og menn, sem vegna jafnvægis í efnahagslífinu, er æskilegt að flytjist milli staða.
20. Lán, sem verkamönnum eru veitt samkvæmt 15. grein almennu meginreglnanna ættu að ná yfir allan eða verulegan hluta stofnkostnaðar íbúðarinnar. Þau ættu að greiðast á löngum tíma og með vægum vaxtakjörum.
21. Hvelja ætti lífeyrissjóði og almannatryggingastofnanir til þess að verja fé því, sem þau geta fest til langs tíma, í lán til verkamannabústaða.
22. Þegar um er að ræða lán, sem veitt eru verkamönnum til þess að eignast húsnæði, ætli að gera viðeigandi ráðstafanir til varnar því að verkamaðurinn tapi fé því, sem hann hefur lagt í íbúðina, vegna atvinnuleysis, slysa eða annarra ástæðna, sem hann ræður ekki við, og sérstaklega skal vernda fjölskyldu hans fyrir slíku tjóni er hann deyr.
23. Opinber stjórnvöld ættu að veita sérstaka fjárhagsaðstoð þeim verkamönnum, sem ekki eru færir um að ná sér í íbúð, vegna ónógra tekna eða sérlega mikils framfærslukostnaðar fjölskyldunnar.
24. Þegar opinber stjórnvöld láta manni í té beina fjárhagsaðstoð til þess að eignast íbúð, ætti viðtakandinn að taka á sig fjárhagsábyrgð og aðra ábyrgð viðvíkjandi því húsnæði, eftir því sem geta hans leyfir.
25. Opinber stjórnvöld, sem veila fjárhagsaðstoð til húsnæðismála, ættu að tryggja það, að mönnum sé ekki meinað að leigja eða eignast slík hús vegna kynþáttar þeirra, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða aðildar í stéttfélagi.

#### VI. Aðgerðir til eflingar byggingariðnaðinum.

26. Áætlanir um byggingar verkamannabústaða ættu að taka til langs tíma og ættu framkvæmdir að dreifast á allt árið til þess að nýta þann hagnað, sem leiðir af samfelldri starfsemi.
27. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til þess að bæta og auka aðstöðu til þjálfunar faglærðra og hálf faglærðra verkamanna, eftirlitsmanna, verktaka og sérfræðinga eins og arkitekta og verkfræðinga.
28. Þar sem skortur er á byggingarefni, tækjum og áhöldum, ætli að taka til athugunar að veita forréttindi til byggingar verksmiðja, sem framleiða þessar vörur, innflutnings til slíkra verksmiðja og aukningar verzlunar með þessar vörur.
29. Með fullu tilliti til heilbrigði og öryggis ættu byggingareglur og aðrar reglugerðir um teikningar, efni og byggingatekni að vera þannig samdar að möguleiki sé til þess að nota ný byggingarefni og byggingaraðferðir, þ. á m. efni,

sem fyrir eru á staðnum og að menn eigi kost á að vinna sjálfir að byggingu íbúða sinna.

30. Meðal annarra aðgerða ætli að leggja sérstaka áherzlu á að skipuleggja vinnuna á staðnum, betri stöðlun efna, gera vinnuaðferðir einfaldari svo og að notfæra niðurstöður af rannsóknum í byggingariðnaði.
31. Allt skal gert til þess að útiloka höft frá hendi verktaka, byggingaefnasala og verkamanna í byggingariðnaði.
32. Efla ætti stofnanir í landinu til þess að annast rannsóknir á félagslegum, efnahagslegum og tæknilegum vandamálum í húsnæðismálum verkamanna. Þar sem það á við mætti færa í nyt þá þjónustu, sem húsnæðismálastofnanir, er njóta styrks eða aðstoðar Sameinuðu þjóðanna eða annarra alþjóðlegra stofnana, geta látið í té.
33. Allt ætli að gera til þess að efla smærri verktaka í byggingariðnaði, t. d. með því að sjá þeim fyrir upplýsingum um ódýr byggingarefni og byggingaraðferðir, aðstoðu til að leigja tæki og áhöld, með sérhæfum námskeiðum til þjálfunar og með því að koma á hæfilegri fjárhagsaðstoð, þar sem slíkt er ekki þegar fyrir hendi.
34. Aðgerðir til lækkunar á byggingarkostnaði ætli ekki að hafa í för með sér slökun á kröfum til húsnæðis og skyldra þæginda.

#### VII. Húsbyggingar og stöðugleiki atvinnu.

35. Ef atvinnuleysi í byggingariðnaði fer verulega fram úr því atvinnuleysi, sem verður á tímanum frá því er byggingaverkamaður lýkur vinnu á einum stað þar til hann byrjar vinnu á öðrum stað, eða þegar verulegt atvinnuleysi er utan byggingariðnaðarins, ætli að auka byggingar verkamannabústaða, þar sem það á við, svo að sem flestir atvinnulausir menn geli fengið vinnu.
36. Á tímum minnkandi byggingaframkvæmda einstaklinga eða almennt minnkandi framkvæmda og þegar þörf er aukinna bygginga, ætli ríkisstjórnin að gera sérstakar ráðstafanir til að efla byggingar verkamannabústaða og mannvirkja, er þeim fylgja, á vegum sveitarstjórna eða einkafyrirtækja eða hvoru- tveggja, með ráðum eins og fjárhagslegri aðstoð eða auknum möguleikum til lánsfjár.
37. Ef aðgerðir til aukningar einkahúsnæðis eru nauðsynlegar, mættu þær fela í sér lækkun vaxta og afborgana svo og lengingu lánstímans.
38. Þar sem það á við, gætu aðgerðir þær, sem gera her til þess að minnka árstíðabundið atvinnuleysi í byggingariðnaði, verið fólgnar í:
  - a. notkun alls viðeigandi útbúnaðar, véla, efna og tækni til þess að gera það fært, að vinna að byggingavinnu á öruggan og viðhlýtandi hátt og að vernda verkamanninn á þeim tímum, sem venjulega eru taldir óhagstæðir til byggingaframkvæmda.
  - b. fræðslu hlutaðeigenda um það hversu æskilegt það er tæknilega og félagslega að trufla ekki byggingastarfsemi í óhagstæðu loftslagi.
  - c. greiðslum styrkja til þess að mæta að öllu eða einhverju leyti aukakostnaði, sem verður við byggingar við slíkar aðstæður; og
  - d. að velja hentugan tíma til hinna ýmsu framkvæmda á áætlunum um húsbyggingar verkamanna þannig að dregið sé úr árstíðabundnu atvinnuleysi.
39. Þar sem nauðsyn krefur, ætli að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja samræmingu á sviði framkvæmda og fjármála milli hinna ýmsu stjórnvalda landsins alls og einstakra héraða svo og milli þeirra annars vegar og einkastofnana hins vegar um framkvæmd áætlana um stöðuga atvinnu, sem varðar byggingu húsnæðis fyrir verkamenn.



## VIII. Húsaleigumál.

40. (1) Í löndum þar sem iðnvæðing er á háu stigi og lífskjörin eru góð og batnandi ætti citt af framtíðar markmiðunum að vera að húsaleiga standi undir kostnaðinum af húsnæðinu með tilliti til reglnanna, sem settar eru í 4. gr. meginreglnanna. Almennt skal þó stefnt að því að hækkuð laun og aukin framleiðni í byggingariðnaðinum hafi það í för með sér að hundraðshluti sá af launum verkamanna, sem fer í húsaleigu, lækki smám saman.
- (2) Engin hækkun á húsaleigu ætti að vera meiri en svo að sanngjörn greiðsla fáið fyrir fé það, sem lagt hefur verið fram.
- (3) Þegar mikill skortur er á húsnæði, ætti að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir óhæfilega hækkun á leigu fyrir verkamannabústaði, sem til eru. Þegar húsnæðisskortinum linnir og fyrir hendi eru nægilega margar og góðar íbúðir fyrir verkamenn má afnema þessar ráðstafanir smám saman, þar sem það á við, enda sé tekið tillit til ákvæða þessarar greinar.

## IX. Skipulag bæja og landsvæða.

41. Eftir því sem unnt er og með tilliti til samgöngumöguleika á vegum hins opinbera og einstaklinga, ættu verkamannabústaðir að vera þannig staðsettir að auðvelt sé að ná til vinnustaða og nálægt samfélagsþægindum eins og skólum, verzlunarhverfum, stöðvum og aðstöðu til hressingar fyrir alla aldursflokka, trúarbragðaiðkana og læknisþjónustu. Einn fremur ættu þeir að vera þannig staðsettir að umhverfið sé aðlaðandi og vel skipulagt með opnum svæðum.
42. Við teikningu húsa og skipulagningu nýrra íbúðarhverfa fyrir verkamenn ætti eftir því sem unnt er að hafa samráð við þá aðila, sem eru fulltrúar væntanlegra íbúa og færastir eru um að gefa ráðleggingar um það, hvernig best verði fullnægt þörfum þeirra fyrir húsnæði og umhverfi.
43. Við staðsetningu verkamannabústaða ætti að taka tillit til möguleikans á óhreinkun frá verksmiðjum og aðstaðna, sem mikla þýðingu geta haft fyrir möguleika til að koma burtu rigningarvatni, skolpi og öðrum úrgangi.
44. Við byggingu bráðabirgðahúsnæðis er sérstaklega áriðandi að tryggja skipulagningu byggðarinnar og eftirlit með því, hversu þéttbýlt það er.
45. Æskilegt er að setja þá reglu að koma á fót í borgum og bæjum, hverfum, sem tengd séu innbyrðis, svo sem íbúðarhverfum, verzlunarhverfum og iðnaðarhverfum, með það fyrir augum að tryggja verkamönnum og fjölskyldum þeirra eins viðkunnanlegt umhverfi og mögulegt er og að það taki sem minnstan tíma fyrir þá að fara til vinnu og frá og að sem minnst hætta sé því samfara.
46. Í því skyni að útrýma fátækrahverfum ættu hlutaðeigandi stjórnvöld í samvinnu við borgarafélög og önnur félög, sem hlut eiga að máli, svo og landeigendur, húseigendur og leigjendur, að gera allt til þess að endurbæta slík svæði með því t. d. að endurnýja og bæta byggingar, sem til þess eru hæfar og varðveizlu bygginga, sem eru verðmætar vegna sögu sinnar eða byggingarstíls. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu einnig að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja viðunandi húsnæði fyrir fjölskyldur, sem verða að víkja úr húsnæði um stundar sakir meðan á slíkum breytingum stendur.
47. Til þess að draga úr offjölgun fólks á stórum borgarsvæðum ættu áætlanir um framtíðarþróun að taka til heilla héraða eða landsvæða svo að iðnaður og mannfjöldi safnist ekki um of á einstaka staði og betra jafnvægi komist á þróun þéttbýlis og dreyfbýlis.

## Fylgiskjal VI.

## Skrá yfir þær samþykktir, sem gerðar hafa verið á Alþjóðavinnuálagningu á árunum 1919—1961.

Skráin greinir, hvaða ár hver samþykkt var gerð, hvenær hún gekk í gildi og hve mörg ríki hafa fullgilt hana.

| Tala | Heiti  | Gekk í gildi | Fullgildingar |
|------|--|--------------|---------------|
| 1.   | Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919) ..... | 13. 6.'21    | 30            |
| 2.   | Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919) .....   | 14. 7.'21    | 38            |
| 3.   | Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919) .....                                   | 13. 6.'21    | 21            |
| 4.   | Samþykkt um næturvinnu kvenna .....  | 13. 6.'21    | 52            |
| 5.   | Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919) .....                          | 13. 6.'21    | 50            |
| 6.   | Samþykkt um næturvinnu unglínga í iðnaði .....   | 13. 6.'21    | 48            |
| 7.   | Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920) .....                            | 27. 9.'21    | 35            |
| 8.   | Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920) .....                               | 16. 3.'23    | 32            |
| 9.   | Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúun (1920) .....  | 23. 11.'21   | 26            |
| 10.  | Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921) .....                                | 31. 8.'23    | 32            |
| 11.  | Samþykkt um rétt landbúnaðarverkafólks til að bindast samföllum og stofna félög (1921) .....     | 11. 5.'23    | 66            |
| 12.  | Samþykkt um slysaftryggingar landbúnaðarverkafólks (1921) .....                                  | 26. 2.'23    | 37            |
| 13.  | Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921) ....   | 31. 8.'23    | 44            |
| 14.  | Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921) .....   | 19. 6.'23    | 62            |
| 15.  | Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglínga við kyndara- og kolamokarastörf (1921) .....        | 20. 11.'22   | 45            |
| 16.  | Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglíngum við sjómennsku (1921) .....                | 20. 11.'22   | 44            |
| 17.  | Samþykkt um slysaftryggingu verkamanna (1925) .....  | 1. 5.'27     | 38            |
| 18.  | Samþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925) .....                              | 1. 4.'27     | 47            |
| 19.  | Samþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925) .....              | 8. 9.'26     | 60            |
| 20.  | Samþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum .....  | 26. 5.'28    | 13            |
| 21.  | Samþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skipum (1926) .....         | 29. 12.'27   | 28            |
| 22.  | Samþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926) .....   | 4. 4.'28     | 33            |
| 23.  | Samþykkt um heimsendingu sjómanna (1926) .....   | 16. 4.'28    | 21            |
| 24.  | Samþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzlunarfólks og heimilishjúa (1927) .....            | 15. 7.'28    | 19            |
| 25.  | Samþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927) .....                                  | 15. 7.'28    | 16            |
| 26.  | Samþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarksalaun (1928) ..                                       | 14. 6.'30    | 60            |
| 27.  | Samþykkt um að þyngd skulu letuð á þunga hluti, sem fluttir eru með skipum (1929) .....          | 9. 3.'32     | 41            |
| 28.  | Samþykktir um slysavarnir hafnarverkamanna (1929) ...  | 1. 4.'32     | 4             |

Aths. Sjá samþykkt nr. 32.

| Tala | Heiti   | Gekk í gildi | Fullgildingar |
|------|---|--------------|---------------|
| 29.  | Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930) ...   | 1. 5.'32     | 79            |
| 30.  | Samþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930) .....  | 29. 9.'33    | 20            |
| 31.  | Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931) ..   |              | 2             |
| 32.  | Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932) .....   | 30. 10.'34   | 21            |
| 33.  | Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932) .....   | 6. 6.'35     | 23            |
| 34.  | Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933) .....   | 18. 10.'36   | 10            |
| 35.  | Samþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o. fl. (1933)   | 18. 7.'37    | 9             |
| 36.  | Samþykkt um skyldu ellitryggingar landbúnaðarverkafólks (1933) .....  | 18. 7.'37    | 9             |
| 37.  | Samþykkt um skyldu örorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o. fl. (1933) .....                                | 18. 7.'37    | 8             |
| 38.  | Samþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933) .....   | 18. 7.'37    | 8             |
| 39.  | Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum manna, sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o. fl. (1933) ..... | 8. 11.'46    | 6             |
| 40.  | Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum landbúnaðarverkamanna (1933) .....   | 29. 9.49     | 6             |
| 41.  | Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934) ..   | 22. 11.'36   | 36            |
| 42.  | Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934) .....   | 17. 6.'36    | 36            |
| 43.  | Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðjum (1934) .....  | 13. 1.'38    | 9             |
| 44.  | Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra, sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum (1934) .....  | 10. 6.'38    | 9             |
| 45.  | Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935) .....   | 30. 5.'37    | 62            |
| 46.  | Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (endurskoðuð 1935) .....  |              | 2             |
| 47.  | Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viki (1935)   |              | 4             |
| 48.  | Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellitrygginga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935) .....                       | 10. 8.'38    | 7             |
| 49.  | Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðum (1935) .....   | 10. 8.'38    | 7             |
| 50.  | Samþykkt um eftirlit með litleknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936) .....  | 8. 9.'39     | 12            |
| 51.  | Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936) .....  |              | 0             |
| 52.  | Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936) .....  | 22. 9.'39    | 34            |
| 53.  | Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum (1936) .....  | 29. 3.'39    | 17            |
| 54.  | Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn ....  |              | 6             |

| Tala | Heiti   | Gekk í gildi | Fullgildingar |
|------|---|--------------|---------------|
| 55.  | Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936) .....  | 29. 10.'39   | 8             |
| 56.  | Samþykkt um stjúkratryggingar sjómanna (1936) .....   | 9. 12.'49    | 6             |
| 57.  | Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936)  |              | 5             |
| 58.  | Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936) .....   | 11. 4.'39    | 32            |
| 59.  | Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937) .....   | 21. 2.'41    | 18            |
| 60.  | Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937) .....   | 29. 12.'50   | 9             |
| 61.  | Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937) .....   |              | 1             |
| 62.  | Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937) .   | 4. 7.'42     | 14            |
| 63.  | Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuíðnaðar, þar á meðal byggingavinnu, svo og landbúnaði (1938) .....   | 22. 6.'40    | 25            |
| 64.  | Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939) .....   | 8. 7.'48     | 9             |
| 65.  | Samþykkt um refsíákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939) .....  | 8. 7.'48     | 8             |
| 66.  | Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939) .....   |              |               |
| 67.  | Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939) .....   |              | 2             |
| 68.  | Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946) ..  |              | 12            |
| 69.  | Samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum (1946) .....  |              | 12            |
| 70.  | Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946) .....   |              | 3             |
| 71.  | Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946) .....   |              | 5             |
| 72.  | Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (1946) ....  |              | 4             |
| 73.  | Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946) .....  |              | 13            |
| 74.  | Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946) ....   | 14. 7.'51    | 9             |
| 75.  | Samþykkt um vistarverum skipverja um borð í skipum (1946)   |              | 5             |
| 76.  | Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946) .....  |              | 1             |
| 77.  | Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglíngja til iðnaðarstarfa (1946) .....   | 29. 12.'50   | 18            |
| 78.  | Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglíngja til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) .....   | 29. 12.'50   | 18            |
| 79.  | Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglíngja við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) .....  | 29. 12.'50   | 13            |
| 80.  | Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins, svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á sljórnarskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (1946) ..... | 28. 5.'47    | 48            |
| 81.  | Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947) ....   | 7. 4.'50     | 44            |
| 82.  | Samþ. um félagsmálapolitik í ósjálfstæðum löndum (1947)   |              | 4             |

| Tala | Heiti  | Gekk i gildi | Fullgildingar |
|------|--|--------------|---------------|
| 83.  | Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum löndum (1947) .....   |              | 1             |
| 84.  | Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudcilum í ósjálfstæðum löndum (1947) .....  |              | 4             |
| 85.  | Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947) ..  |              | 4             |
| 86.  | Samþykkt um hámarks lengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947) .....  |              | 3             |
| 87.  | Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948) .....  | 4. 7.'50     | 58            |
| 88.  | Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948) .....   | 10. 8.'50    | 36            |
| 88.  | Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948) .....   | 10. 8.'50    | 36            |
| 89.  | Samþykkt um naturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) .....  | 27. 2.'51    | 30            |
| 90.  | Samþykkt um naturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) .....  | 12. 6.'51    | 24            |
| 91.  | Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949) .....  |              | 8             |
| 92.  | Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949) .....  |              | 13            |
| 93.  | Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949) .....   |              | 4             |
| 94.  | Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949)   |              | 25            |
| 95.  | Samþykkt um verndun vinnulauna (1949) .....  |              | 51            |
| 96.  | Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949) .....   | 18. 7.'51    | 24            |
| 97.  | Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949) .....  | 22. 1.'52    | 15            |
| 98.  | Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949) .....                          | 18. 7.'51    | 52            |
| 99.  | Samþykkt um aðferðir til ákvörðunar á lágmarks launum við landbúnaðarstörf (1951) .....  | 23. 8.'53    | 20            |
| 100. | Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf (1951) .....  | 23. 5.'53    | 38            |
| 101. | Samþykkt um orlof með kaupum í landbúnaði (1952) .....   | 24. 7.'54    | 24            |
| 102. | Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis (1952) .....  | 27. 4.'55    | 13            |
| 103. | Samþykkt um mæðravernd (1952) .....  | 7. 9.'55     | 7             |
| 104. | Samþykkt um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955) .....   | 7. 6.'58     | 8             |
| 105. | Samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1957) .....  | 17. 1.'59    | 51            |
| 106. | Samþykkt um vikulega hvíldardaga í verzlunum og skrifstofum (1957) .....   | 4. 3.'59     | 19            |
| 107. | Samþykkt um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja, vernd þess og upptöku í yfirþjóðina (1957) ..... | 2. 6.'59     | 15            |
| 108. | Samþykkt um persónuskirteini sjómanna (1958) .....   | 19. 2.'61    | 6             |
| 109. | Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1958) .....   |              | 3             |
| 110. | Samþykkt um vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (1958)   | 22. 1.'60    | 5             |
| 111. | Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958)  | 15. 6.'60    | 31            |
| 112. | Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna (1959) .....  | 7. 11.'61    | 10            |
| 113. | Samþykkt um lækni skoðun fiskimanna (1959) .....   | 7. 11.'61    | 6             |

| Tala | Heiti  | Gekk í gildi | Fullgildingar |
|------|--|--------------|---------------|
| 114. | Samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna (1959) . . . . .   | 7. 11.'61    | 4             |
| 115. | Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun (1960) . . . .  | 17. 6.'62    | 3             |
| 116. | Samþykkt um breytingu á samþykktum, gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu Allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í því skyni að samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um framkvæmd samþykktu (1961) . . . . . |              | 0             |

Af samþykktum þeim, sem taldar eru hér að framan, hefur Ísland fullgilt þessar:

1. Samþykkt nr. 2 um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
2. Samþykkt nr. 11 um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög.
3. Samþykkt nr. 15 um ákvörðun lágmarksaldurs unglunga við kyndara- og kolamokarastörf.
4. Samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu eða skyllduvinnu.
5. Samþykkt nr. 58 um lágmarksaldur barna við sjómennsku.
7. Samþykkt nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn.
8. Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
9. Samþykkt nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
10. Samþykkt nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis.
11. Samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu.

